

gerir ekki athugasemdir við þá umhverfisþætti sem matið á að taka til og að flestu leyti þá valkosti sem leggja á mat á, gagnaöflun sem fyrirhuguð er, hvernig standi til að vinna úr gögnum til að meta umhverfisáhrif og hvernig eigi að setja þau fram í frummatsskýrslu að teknu tilliti til 2. mgr. 8. gr. laga nr. 106/2000 og 17. gr. reglugerðar nr. 665/2015 um mat á umhverfisáhrifum.

Sveitarstjórn telur mikilvægt að fleiri kostir varðandi lagningu jarðstrengs á línuleiðinni verði teknir til skoðunar bæði hvað varðar nýja Hólasandslínu 3 og núverandi Kröflulínu 1 eftir því sem tæknilegir möguleikar leyfa.

Sveitastjórn Þingeyjarsveitar er sammála niðurstöðum Landsnets um að ekki skuli leggja mat á umhverfisáhrif „Laxárlínuleiðar“ m.a. af eftirtöldum ástæðum:

„Laxárlínuleið“ er ekki í samræmi við stefnu Þingeyjarsveitar í Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022. Í aðalskipulagi er gert ráð fyrir að Hólasandslína 3 liggi samhliða núverandi Kröflulínu 1.

Sveitarstjórn leggur áherslu á að raforkulínur liggi í einu mannvirkjabelti eins og kostur er og að nýjar línur verði ekki lagðar á „óröskuðu“ landi.

„Laxárlínuleið“ yrði meira áberandi en „Kröflulínuleið“ þar sem hún myndi liggja að lengri hluta í byggð og um tún og gróið land. Stór hluti línuleiðar „Kröfluleiðar“ er upp á heidum.

Með tilkomu Hólasandslínu 3 í „Kröfluleið“ verður núverandi Laxárlína milli Akureyrar og Laxárstöðvar aflögð, sem að mati sveitarstjórnar mun valda mjög jákvæðum sjónrænum áhrifum. Þingeyjarsveit er leyfisveitandi vegna útgáfu framkvæmdaleyfis sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 og ákvörðun um endanlegt línustæði er háð samþykki sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar.

2. Lausar byggingalóðir í sveitarfélaginu

Sveitarstjóri ásamt skipulags- og byggingarfulltrúa fór yfir skipulag íbúðasvæða á skilgreindum þéttbýlissvæðum í sveitarfélaginu.

Um er að ræða svæði á Laugum, við Stórutjarnir og við Iðjugerði í Aðaldal. Samþykkt deiliskipulag íbúðarhúsaloða liggur fyrir á Laugum og við Stórutjarnir.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra og skipulags- og byggingarfulltrúa að auglýsa lausar byggingalóðir í sveitarfélaginu og hefja vinnu við deiliskipulag íbúðarhúsaloða við Iðjugerði í Aðaldal samkvæmt gildandi Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022.

3. Erindi frá Skógræktinni

Tekið fyrir erindi frá Skógræktinni, dags. 05.07.2017 þar sem sveitarstjórn er tilkynnt um fyrirhugaðan skógræktarsamning á jörðinni Viðum í Þingeyjarsveit. Óskað er eftir afstöðu sveitarstjórnar hvort framkvæmdaleyfi í samræmi við reglugerð nr. 772/2012 sé krafist.

Skv. gr. 107 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum er nýræktun skóga á allt að 200 ha svæði sem breytir fyrri landnotkun háð mati á umhverfisáhrifum skv. flokki C um framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og matið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdir sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum eru ávallt háðar framkvæmdaleyfi. skv. 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi.

Sveitarstjórn bendir umsækjanda á að sækja þarf sérstaklega um framkvæmaleyfi til Þingeyjarsveitar vegna fyrirhugaðra skógræktarframkvæmda á Viðum og ekki er heimilt að hefja framkvæmdir fyrr en framkvæmdaleyfi liggur fyrir.

4. Rekstraryfirlit sveitarfélagsins fyrstu átta mánuði ársins

Lagt fram rekstraryfirlit sveitarfélagsins fyrstu átta mánuði ársins, samanborið við fjárhagsáætlun 2017. Sveitarstjóri gerði grein fyrir stöðunni sem heilt yfir er samkvæmt áætlun.

5. Námsgögn grunnskólanemenda 2017-2018

Á fundi sveitarstjórnar þann 17.08.2017 vakti oddviti máls á að námsgögn grunnskólanemenda yrðu gjaldfrjáls og var sveitarstjóra falið að vinna að málinu. Sveitarstjóri gerði grein fyrir fundi sem hún átti með skólastjórum beggja grunnskólanna um útfærslu og í framhaldinu var leitað tilboða í námsgögn fyrir skólaárið 2017-2018.

Sveitarstjórn samþykkir að námsgögn verði gjaldfrjáls fyrir öll grunnskólabörn í sveitarfélaginu og samþykkir viðauka að fjárhæð kr. 540.000 við fjárhagsáætlun 2017, málaflokk 04 fræðslumál, sem mætt verður með handbæru fé. Sveitarstjórn vísar ákvörðun um gjaldfrjáls námsgögn til gerðar fjárhagsáætlunar 2018-2021.

6. Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 31.08.2017

Lögð fram fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 31. ágúst s.l. Heiða gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í 5 liðum.

Varðandi 2. lið fundargerðar; Sundlaugin á Laugum þá felur sveitarstjórn sveitarstjóra að vinna kostnaðaráætlun vegna endurbóta á barnasvæði sundlaugarinnar.

Varðandi 3. lið fundargerðar; Erindi frá sveitarstjórn 22.08.2017, æskulýðs og íþróttafulltrúi, þá samþykkir sveitarstjórn tillögu nefndarinnar um að ganga til samninga við Héraðssamband Þingeyinga (HSP) um sameiginlegan starfsmann og visar kostnaði vegna þessa til gerðrar fjárhagsáætlunar 2018. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram. Ragnar Bjarnason sat hjá við við afgreiðslu þessa liðar.

Fundargerðin staðfest að öðru leyti.

7. Gatnagerðarframkvæmdir

Sveitarstjóri gerði grein fyrir aðkallandi gatnagerðarframkvæmdum, endurnýjun klæðningar á götu og frágang við gangbrautir yfir Þjóðveg 1 gegnum þéttbýliskjarnann á Laugum. Ekki var gert ráð fyrir þessum framkvæmdum í fjárhagsáætlun 2017 nema að litlu leiti.

Sveitarstjórn samþykkir með sex atkvæðum 1,8 millj.kr. til gatnagerðarframkvæmdanna og þá upphæð sem viðauka við fjárhagsáætlun 2017, málaflökk 10 umferðar- og samgöngumál, sem mætt verði með handbæru fé. Ragnar Bjarnason greiddi atkvæði á móti.

8. Gistipjónusta í þéttbýli

Tekið til umræðu gistipjónusta í þéttbýli og ný reglugerð nr. 1277 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

Samþykkt að fela skipulags- og umhverfisnefnd að vinna tillögu að breytingu á aðalskipulagi svo heimilt verði að reka takmarkaða gistipjónustu í skilgreindu þéttbýli.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:45

Arnór Benónýsson
Ásvaldur Ævar Þormóðsson
Heiða Guðmundsdóttir
Sigurður Hlynur Snæbjörnsson

Margrét Bjarnadóttir
Árni Pétur Hilmarsson
Ragnar Bjarnason

Fundargerð
Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar
14.09.2017

[222. fundur](#)
sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar

haldinn í Kjarna fimmtudaginn 14. september 2017 kl. 13:00

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Heiða Guðmundsdóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Ragnar Bjarnason og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson.
Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að bæta á dagskrá undir 8. lið; Gistipjónusta í þéttbýli.
Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

1. Hólasandslína 3 – tillaga að matsáætlun
2. Lausar byggingalóðir í sveitarfélaginu
3. Erindi frá Skógræktinni
4. Rekstraryfirlit sveitarfélagsins fyrstu átta mánuði ársins
5. Námsgögn grunnskólanemenda 2017-2018
6. Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 31.08.2017
7. Gatnagerðarframkvæmdir
8. Gistipjónusta í þéttbýli

Til kynningar:

- a. Fundargerð 298. fundar stjórnar Eyþings
- b. Fundargerð 852. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

1. [Hólasandslína 3 – tillaga að matsáætlun](#)

Tekið fyrir erindi frá Skipulagsstofnun, dags. 26.08.2017, þar sem óskað er eftir umsögn Þingeyjarsveitar um tillögu að matsáætlun Hólasandslínu 3 í samræmi við 2. mgr. 8. gr. laga nr. 106/2001. Skipulags- og byggingarfulltrúi sat fundinn undir þessum lið.

Umsög sveitarstjórnar:

[Fyrirhugað framkvæmd, tenging Hólasands og Akureyrar, Hólasandslína 3 og fyrirhugað línustæði er í samræmi við Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022 og Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025 á svæði milli Laxár og sveitarfélagamarka Þingeyjarsveitar og Skútustaðhrepps.](#)

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar telur að tillagan geri nægjanlega grein fyrir framkvæmdinni og umhverfi hennar á þessu stigi og



Auglýsing um Opið hús haustið 2017

Opið hús verður eins og áður alltaf á þriðjudögum:

Þingeyjarskóli	26.sept. 17.okt. 7.nóv. 28.nóv.
Seigla	3.okt. 24.okt. 14.nóv. 5.des.
Stórutjarnaskóli	10.okt. 31.okt. 21.nóv. 12.des.

Í Reykjadal verður Opið hús áfram í Seiglu. Þægilegast er að keyra upp að skóla að austan og ganga þar inn.

Hádegismatur er í boði á öllum stöðum kl. 13:00 og kostar 750 kr. Það er nauðsynlegt að láta vita fyrir hádegi daginn áður ef fólk vill fá hádegismat.

Þingeyjarskóli	sími 464-3583
Seigla	sími 464-3166
Stórutjarnaskóli	sími 464-3222

Boccia hefst kl. 12:00 í Stórutjarnaskóla þegar Opið hús er þar. Dagskrá hefst alls staðar kl. 13:45.

Það verður ýmislegt til skemmtunar s.s. söngur, hljóðfæraleikur, myndasýningar og upplestur. Eins og áður verður spiluð félagsvist í Stórutjarnaskóla. Það er líka hægt að hittast og spjalla saman eða hafa meðferðis handavinnu. Ef einhverjir vilja koma með og flytja efni til skemmtunar og fróðleiks þá er það að sjálfsgöðu vel þegið.

Opið hús er á vegum Þingeyjarsveitar og fólk þarf ekki að vera í Félagi eldri borgara til þess að taka þátt.

Allir eru hjartanlega velkomnir.

Umsjónarfólk :

Anita Þórarinsdóttir	sími 464-3286 og 894-3286
Ólína Arnkelsdóttir	sími 464-3608 og 865-8882
Halla L. Loftsdóttir	sími 464-3562 og 867-6747



Kæru lesendur og auglýsendur

Hlaupastelpan kemur út á **miðvikudögum** og auglýsingum þarf því að skila á **mánudögum** fyrir kl. 15:00. 😊

Verð hálsíðu er
Verð heilsíðu er

kr.3.200.-m.vsk
kr.4.300.- m.vsk

hlaupastelpan@isl.is
8953386

Svartárvirkjun, allt að 9,8 MW

Mat á umhverfisáhrifum

Kynningarfundur

SSB Orka vinnur að undirbúningi allt að 9,8 MW vatnsaflsvirkjunar í Svartá í Bárðardal auk lagningar rafstrengs.

Haldinn verður opinn kynningarfundur í Kiðagili í Bárðardal, mánudaginn 25. september 2017 kl. 16:30, þar sem fyrirhugaðar framkvæmdir og efni frummatsskýrslu verða kynnt.

Allir
velkomnir.



Málverkasýning Gunnhildar Ingólfssdóttur.

Verður í Safnahúsinu Húsavík,

litla salnum á jarðhæð.

Opnar föstudaginn 22. september kl. 16.00
og stendur til og með fimmtudagsins 5. október.

Allir hjartanlega velkomnir.

37. tbl.
20. sept
2017
24. árg.

Hlaupastelpan



hlaupastelpan@isl.is, s: 4643366 / gsm: 8953386



Zumba – Zumba – Zumba

Zumba námskeið hefst þann 3. október næstkomandi og verður til 9. desember eða í 10 vikur. Námskeiðið fer fram í ÍMS í Reykjavíð. Kennt verður á þriðjudögum og fimmtudögum frá kl. 17:00 - 18:00 og annan hvern laugardag frá kl. 10:00 - 11:00 (fyrsti laugardagurinn 14. október). Verð fyrir allt námskeiðið er 25.000 kr, stakur tími 1.500. Einnig verður hægt að kaupa 10 tíma kort á 12.000.

Til að skrá ykkur sendið mér þá línu á ingibjorghj@gmail.com eða hringið í síma 8219404 eftir kl. 17:00 á daginn. Hlakka til að sjá ykkur! :)

Ingibjörg Helga Jónsdóttir
Zumba fitness dance instructor.

Handverkskonur milli heiða.

Vörumóttaka verður á Fosshóli
föstudagskvöldið 22 sept. kl 20.

Stjórnin.